# AUGLÝSING

**um staðfestingu námsbrautarlýsinga framhaldsskóla.**

1. gr.

Mennta- og barnamálaráðherra hefur skv. 23. gr. laga um framhaldsskóla, nr. 92/2008, staðfest eftirfarandi námsbrautarlýsingar. Staðfesting felur í sér að lýsing á uppbyggingu námsbrauta, tengslum við atvinnulíf og/eða önnur skólastig, uppbyggingu náms á hæfniþrep, inntökuskilyrðum og skilyrðum um framvindu náms, grunnþáttum og lykilhæfni og námsmati sé í samræmi við aðalnámskrá framhaldsskóla. Staðfestingin tekur ekki til einstakra áfangalýsinga. Hinar staðfestu námsbrautarlýsingar teljast þar með hluti af aðalnámskrá framhaldsskóla, sbr. auglýsingu nr. 674/2011.

Skólar bera ábyrgð á að áfangalýsingar námsbrauta og kennsla falli að hæfniviðmiðum brautar og þeim ramma sem aðalnámskrá setur skólastarfi.

2. gr.

| **Heiti námsbrautar** | **Raðnúmer** |
|---|---|
| Pípulagnir, hæfniþrep 3 | (24-548-3-8) |
| Bifvélavirkjun, hæfniþrep 3 | (25-574-3-8) |
| Bílamálun, hæfniþrep 3 | (25-573-3-8) |
| Bifreiðasmíði, hæfniþrep 3 | (25-572-3-8) |

3. gr.

Eftirfarandi námsbrautir, sbr. auglýsingar í Stjórnartíðindum nr. 833/2019, 340/2018 og 757/2018, falla úr gildi:

| **Heiti námsbrautar** | **Raðnúmer** |
|---|---|
| Bílamálun, hæfniþrep 3 | (19-299-3-8) |
| Bifreiðasmíði, hæfniþrep 3 | (18-300-3-8) |
| Bifvélavirkjun, hæfniþrep 3 | (18-301-3-8) |
| Einkaþjálfari, hæfniþrep 3 | (18-400-3-9) |

4. gr.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

*Mennta- og barnamálaráðuneytinu, 16. september 2025.*

F. h. r.
**Theódóra Sigurðardóttir.**

*Nanna Kristjana Traustadóttir.*